

58. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 10.6 2021 kl. 12-13:45.

Mætt: Lilja Einarsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Björg Árnadóttir, Eva Björk Harðardóttir, og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn framkvæmdastjóri jarðvangsins, Berglind Sigmundsdóttir.

- Fundargerðir 56. og 57. fundar voru staðfestar.
- Ársreikningur 2020 var staðfestur með rafrænni áritun fyrir milligöngu KPMG. Sú breyting hafði verið gerð frá þeim drögum sem rædd voru á síðasta fundi að jákvæðri rekstrarstöðu var ráðstafað til almannaheilla og menningarstarfsemi og kemur því ekki til greiðslu tekjuskatts í því sambandi.
- Lilja Einarsdóttir var kosinn formaður stjórnar í stað Antons Kára Halldórssonar.
- Ákveðið að næsti fundur stjórnar verði mánudaginn 21. júní kl. 10.
- Berglind kynnti svæðismörkunarkerfið sem fékk styrk úr Sóknaráætlun Suðurlands 2021.
- Rosanna Covacich og Rosanna Vitiello frá Place Bureau kynntu tillögur sínar um nálgun við svæðismörkunarkerfið.
- Stjórnin samþykkti að ganga til samninga við Place Bureau. Stefnt er að fyrsta fundi þeirra með hagsmunaaðilum í byrjun september. Samþykkt að sveitarfélögin nýti sér ráðgjafabjónustu SASS í sambandi við kerfið.
- Berglind mun koma með tillögu að fundaráætlun næsta vetrar á næsta stjórnarfundum.

Fleira ekki og fundi slitið kl. 13:45.